

## Fundur skólaráðs Egilsstaðaskóla 27. nóvember 2024

Fundur hófst kl. 17:05

Mættir: Hlín (fulltrúi kennara) sem ritaði fundargerð, Viðar skólastjóri sem stjórnar fundinum, Stefanía fulltrúi almennra starfsmanna, Lísía fulltrúi grenndarsamfélags, Heiður og Borgþór fulltrúar foreldra, Rakel og Sólgerður Vala fulltrúar nemenda.

### 1. Úrbótaáætlun

- a. Fundarmenn ræddu í tveimur hópum atriði sem þarf að bæta útfrá niðurstöðum skólalóðsins síðasta skólaár. Fundarmenn komu með hugmyndir að leiðum til að efla áhuga á lestri, stærðfræði, náttúrufræði, bæta aga í kennslustundum og fleira.

### 2. Íslenska æskuðlýðsrannsóknin

- a. Viðar fór yfir helstu niðurstöður úr íslensku æskuðlýðsrannsókninni frá síðasta vori.
  - i. Of margir sem upplifa truflandi hávaða í kennslustund og of margir þreyttir í skólanum.
  - ii. Fáum líður illa í frímínútum, en einhverjum.
  - iii. Langflestum nemendum finnst mikilvægt að leggja sig fram við námið, þó frekar stúlkum en drengjum
  - iv. Flestum nemendum líður vel í skólanum.

### 3. Nemendaráð – kynning á starfi vetrarins

- a. Sólgerður Vala og Rakel kynntu starf nemendaráðs. 17 stúlkur eru í nemendaráðinu í ár.
- b. Markmið nemendaráðs í ár: þægilegra skólastarf, sameina bekkji, meira gaman, meiri fjölbreytni, jákvæðara samfélag
- c. Mjög flott og metnaðarfull dagskrá hjá nemendaráði.

### 4. Fréttir frá foreldrafélaginu – styrkur frá Alcoa

- a. Hugmyndin var að fá styrk til að setja upp hreystibraut á skólalóðinni. Það fékkst 300.000 kr. styrkur frá Alcoa sem er ekki nóg fyrir hreystibraut en foreldrafélagið er að skoða möguleika á að afla fleiri styrkja.
- b. Lilja Rut Arnardóttir er tekin við sem formaður foreldrafélagsins
- c. Árlegt jólaföndur á vegum foreldrafélagsins er á morgun.

### 5. Viðmið um ástundun – í vinnslu

- a. Búið er að setja upp þrepaskipta töflu varðandi leyfi/veikindi, fjarvistir og seinkomur. Fundarmönnum leyst vel á töfluna en ekki allir sammála um hvert viðmiðið ætti að vera varðandi fjölda seinkoma t.d.
- b. Viðar vinnur málið áfram.

### 6. Fréttir úr skólastarfinu

- a. KVAN kom inn til aðstoðar vegna ákveðinna nemenda hópa. KVAN er fyrirtæki sem sérhæfir sig í aðstoð vegna samskipta og slíku. Þau voru einnig með námskeið fyrir alla kennara. Kennarar ákveðinna bekkja eru komnir með ákveðin verkfæri í hendurnar til að taka á neikvæðri hegðun, verkfærin verða væntanlega nýtt í fleiri bekkjum þegar á líður.

### 7. Önnur mál

- a. Símalaus skóli

- i. Foreldrar spurðu hvernig væri að ganga með símalausan skóla. Fulltrúar nemenda sögðu að flestum nemendum liði betur, væru einbeittari í náminu og meira líf í frímínútum. Kennarar eru einnig jákvæðari.
- b. **Rýmingaræfing**
  - i. Það var rýmingaræfing í skólanum í síðustu viku. Það liðu 10 mínútur þar til byrjað var að rýma þar til allir voru komnir á sinn stað. Heilt yfir gekk æfingin vel.
- c. **Starfsmannamál**
  - i. Það var auglýst 3x eftir umsjónarkennara í 6. bekk þar sem Erla Gunnlaugsdóttir er að hætta. Ekki hefur náðst að manna stöðuna, þær tvær sem eftir eru taka að sér umsjón fram að áramótum.
  - ii. Þórarinn húsvörður verður í fjarverandi fram að áramótum hið minnsta. Hans störf verða leyst með samstarfi ýmissa aðila.
- d. **Verkfall**
  - i. Kennarar Egilsstaðaskóla hafa samþykkt verkfall frá 6.-31. janúar 2025 hafi ekki náðst samningar fyrir þann tíma.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 18:45

Stefnt er að opnum fundi í febrúar.